

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við útskrift
friðarfulltrúa í Höfða miðvikudaginn 9. maí 2018**

Kæru friðarfulltrúar, forseti borgarstjórnar Líf Magneudóttir, leiðbeinendur, foreldrar og aðrir góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að fá að segja fáein orð hér í dag við útskrift friðarfulltrúa Íslands. Háskóli Íslands er afar stoltur af því að taka þátt í þessu verkefni með Reykjavíkurborg í gegnum Höfða friðarsetur og það er mér sönn ánægja að fá að útskrifa ykkur kæru friðarfulltrúar, ásamt Líf Magneudóttur, forseta borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.

Það sem þið hafið lært á þessu námskeiði er gífurlega mikilvægt og gott veganesti inn í framtíðina. Tilgangur friðarfræðslunnar er að skapa friðsamlegra samfélag fyrir okkur öll. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að við þekkjum réttindi okkar – og ykkar réttindi eru tryggð í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem þið hafið lært um í vikunni. Í þeirri vinnu lærðuð þið um réttindi ykkar og allra barna. Þið lærðuð um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir ykkur sjálfum og öðrum, að hlusta á aðra og jafnframt að rödd ykkar á að heyrast og að þið hafið rétt á að láta í ljós skoðanir ykkar. Með friðarfræðslu lærum við líka að eiga betri samskipti hvert við annað, um ólíka menningarheima og að setja ykkur í spor annarra til þess að öðlast betri skilning á þeirra sjónarhorni. Eftir þessa viku hafið þið vonandi öðlast enn meiri vilja til þess að hafa jákvæð áhrif á samfélagið okkar og alla þá sem deila því

með okkur. Með því að virða hvert annað og virða réttindi hvers annars náum við að skapa friðsamleg samfélög.

Um leið og þið útskrifist sem friðarfulltrúar vil ég jafnframt hvetja ykkur til þess að nýta það sem þið hafið lært á þessu námskeiði í ykkar nánasta umhverfi, því við megum ekki gleyma því að verk og gjörðir hvers og eins skipta máli.

Ég vona að þið hafið notið þess að taka þátt í námskeiði Höfða friðarseturs í friðar- og mannréttindafræðslu og ég óska ykkur öllum innilega til hamingju með áfangann.